



Viðtakandi: **Velferðarráðuneytið**  
Sendandi: **Vinnumálastofnun**  
Dags.: **31. ágúst 2012**  
Efni: **Horfur ár vinnumarkaði, þróun atvinnuleysis og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs**

## Efnisyfirlit


Framboð vinnuafls.....	2
Fjöldi starfandi.....	2
Búferlaflutningar .....	4
Framboð vinnuafls og atvinnuþátttaka .....	5
Þróun atvinnuleysis á árinu 2012 .....	7
Áhrif stjórnvaldsákvarðana á atvinnuleysi .....	9
Mat á þróun atvinnuleysis árið 2013.....	10
Þriggja ára bótaréttur.....	11
Bráðabirgðaákvæði um fjögurra ára bótarétt .....	11
Bráðabirgðaákvæði framlengt.....	11
Bráðabirgðaákvæði ekki framlengt .....	11
Fjöldi sem klárar bótarétt sinn eftir sveitarfélögum .....	13
Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs .....	13
Greiðslur atvinnuleysisbóta til einstaklinga .....	13
Starfsþjálfunarúrræði.....	14
Útgjöld vegna annarra úrræða .....	15
Önnur útgjöld .....	15

## Framboð vinnuafis

### Fjöldi starfandi


Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar hefur störfum á vinnumarkaði fjölgað nokkuð á þessu ári miðað við sama tímabil síðustu ár. Frá árinu 2011 hefur þeim fjölgað um nálægt 1.200 á fyrsta ársfjórðungi og 2.100 á öðrum ársfjórðungi, eða að jafnaði um nálægt 1.650 á fyrstu 6 mánuðum ársins miðað við sömu mánuði í fyrra.

Starfandi körlum hefur fjölgað töluvert ef miðað er við árið 2011, en minna miðað við árið 2010 þessa fyrstu sex mánuði ársins.



**Mynd 1a.** Fjöldi starfandi karla eftir ársfjórðungum 2010-2012. Bein mæling.

Mánaðarlegar árstíðaleiðréttar leitnitölur gefa svipaða mynd. Þar eru júlítölur komnar með í mælinguna og ljóst að fjöldi starfandi karla er talsvert meiri fyrstu mánuði þessa árs en í fyrra, en stefnir í svipaða þróun seinni hluta ársins og var á síðasta ári.




**Mynd 1b.** Fjöldi starfandi karla eftir mánuðum 2010-2012. Árstíðaleiðréttar leitnitölur

Heilt yfir má gera ráð fyrir að fjöldi starfandi karla verði nokkru meiri á árinu 2012 en á síðasta ári og gæti munað þar yfir 1.000 manns, en þróunin seinni part árs ræður miklu þar um.


Mynstrið er ekki eins skýrt meðal kvenna, en á síðasta ársfjórðungi 2011 og á fyrsta ársfjórðungi 2012 voru mun færri konur starfandi en á sömu ársfjórðungum árin á undan. Hins vegar hefur fjöldi

starfandi kvenna aldrei verið meiri á 2. ársfjórðungi heldur en nú á árinu 2012 þó litlu muni frá árinu áður.



**Mynd 2a.** Fjöldi starfandi kvenna eftir ársfjórðungum 2010-2012

Þetta sést skýrar ef skoðaðar eru mánaðarlegar leitnitölur, en skv. þeim eru starfandi konur um 2.000 fleiri í júlí í ár en í sama mánuði og í fyrra.




**Mynd 2b.** Fjöldi starfandi kvenna eftir mánuðum 2010-2012. Árstíðaleiðréttar leitnitölur

Trúlega tengist þetta einkum auknum umsvifum í ferðaþjónustu og tengdum greinum þjónustu og verzlunar yfir sumarmánuðina. Þar sem að á sama tíma er samdráttur í heilbrigðis- og félagsþjónustu og annarri opinberri starfsemi, þar sem konur eru stærsti hluti vinnuaflsins dregur úr framboði starfa fyrir konur yfir vetrarmánuðina. Spurningin er hvernig þróunin verður síðari hluta ársins, en fækki mjög starfandi konum með haustinu þegar skólar byrja og starfsemi í ferðaþjónustu fer minnkandi er óvarlegt að gera ráð fyrir að meðalfjöldi starfandi kvenna verði mikið meira en 500 fleiri á árinu 2012 en árið áður.

Þessi fjölgun starfa á vinnumarkaði, um nálægt 1.500-2.000 á árinu 2012 frá fyrra ári, hefur fyrst og fremst áhrif á fækkun atvinnulausra. Lítil fjölgun virðist vera í heildarvinnuafli enn sem komið er, sem þýðir að hvorki fjölgar vegna aðflutnings fólks til landsins né að fólk fari úr skóla á vinnumarkaðinn.

## Búferlaflutningar


Þróun búferlaflutninga til og frá landinu fyrri hluta ársins 2012 bendir til að heldur dragi úr nettó-brotfflutningi Íslendinga, bæði vegna fækkunar brottfluttra og fjölgunar aðfluttra. Miðað við tölur fyrri hluta þessa árs má gera ráð fyrir að nettóbrotfflutningur Íslendinga á árinu 2012 í heild verði milli 600 og 700 manns, samanborið við um 1.300 manns á árinu 2011.



**Mynd 3.** Aðfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram brottflutta 2004-2012

Brotffluttir hafa öll árin á þessari öld, að árinu 2005 undanskildu, verið fleiri en aðfluttir, þrátt fyrir að vel hafi árað í íslensku efnahagslífi lengst af fram að hruni. Á góðæristímum á síðari hluta síðustu aldar fluttu á hinn bóginn ævinlega fleiri Íslendingar til landsins er frá því. Ástæða þessara breytinga liggur trúlega í opnara samfélagi frá því um miðjan síðasta áratug síðustu aldar og vaxandi fjöldi Íslendinga hefur flust til útlanda til náms og starfa og í lengst þar í kjölfarið. Í ljósi þessa breytta mynsturs er óvarlegt að ætla að flutningsjöfnuður Íslendinga fari yfir núllið á næstu árum og er hér gert ráð fyrir að um 250 fleiri Íslendingar flytjist af landi brott en til landsins á árinu 2013. Fjölgi störfum umtalsvert í byggingariðnaði og tengdum greinum, sem og í heilbrigðisþjónustu, en fólk úr þessum greinum var fjölmennt í hópi þeirra sem flutt hafa brott síðustu ár, þá má vænta meiri aðflutnings Íslendinga og að flutningsjöfnuðurinn gæti orðið jákvæður stöku ár.

Nettó-brotfflutningur útlendinga virðist vera að aukast ef mið er tekið af tölum fyrir fyrstu 6 mánuði þessa árs, bæði vegna fækkunar aðfluttra sem og fjölgunar í hópi brottfluttra. Gera má ráð fyrir að brottfluttir útlendingar umfram aðflutta verði heldur meiri á árinu 2012 en í fyrra og verði milli 500 og 1.000 manns, en var nálægt núlli síðustu 2 ár.



**Mynd 4.** Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta 2004-2012


Gert er ráð fyrir að aðfluttum útlendingum fækki enn og brottfluttum fjölgi á árinu 2013. Ástæður þessarar þróunar virðast vera þær að hægt hefur á fjölgun vegna fjölskyldusameiningar sem varð í kjölfar hinna miklu búferlaflutninga karla til landsins á árunum fyrir hrun. Þar með minnkar aðflutningur útlendinga. Þá er atvinnuleysi erlendra ríkisborgara umtalsvert meira en íslenskra og er líklegt að þeir útlendingar sem nýtt hafa sér atvinnuleysisbótarétt frá hruni og eru að klára bótarétt sinn sjái hag sínum betur borgið í heimalandi.

Á heildina litið virðist því sem lítil breyting verði á heildarfjölda aðfluttra mínus brottfluttra á næstu tveimur árum og að um 1500-2000 manns flytjist á brott frá landinum umfram aðflutta hvort ár.

### Framboð vinnuafis og atvinnuþátttaka


Ef mið er tekið af færslu milli árganga frá 2011 til 2012 og það módel notað til að spá fyrir um fjölda á vinnualdri (16-69 ára) 1. janúar 2013, en þar er tekið tillit til búferlaflutninga og dauðsfalla, þá mun aðeins fjölga um nálægt 800 manns á vinnualdri frá 1. jan. 2012 til 1. jan. 2013, en nær 1.000 ef yngstu árgangarnir (skólafólk) eru undanskildir. Þróunin yrði svipuð fyrir næsta ár þar á eftir miðað við að búferlaflutningamynstrið haldist svipað og rakið var hér að ofan. Ekki er því að sjá að framboð vinnuafis aukist umtalsvert ef aðeins er tekið mið af fólksfjölda.

Aukinni eftirspurn eftir vinnuafli mun því verða mætt með tvennum hætti til viðbótar við þá náttúrulegu fjölgun sem rakin er hér að ofan og er ekki umtalsverð. Annars vegar má gera ráð fyrir að atvinnulausum fækki, en þeir voru um 8.700 á skrá hjá Vinnumálastofnun í lok júlí s.l. og 8.400 í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í júlí. Menntunarstig þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá er fjölbreytt eins og sjá má á mynd 5, en yfir 20% atvinnulausra hefur lokið iðnnámi eða starfstengdu framhaldsnámi af einhverju tagi og tæp 20% þeirra eru háskólamenntaðir. Því má gera ráð fyrir að aukin eftirspurn á flestum sviðum atvinnulífsins muni fækka í hópi atvinnulausra.




**Mynd 5.** Menntun atvinnulausra (VMST) í lok júlí 2012

Hitt er að undanfarin ár hefur orðið mikil færsla fólks af vinnumarkaði í nám, sem eðlileg afleiðing af minnkandi framboði starfa. Þetta kemur nokkuð skýrt fram þegar skoðaðar eru tölur Hagstofunnar um atvinnuþátttöku. Sjá má á mynd 6a að atvinnuþátttaka hefur farið minnkandi jafnt og þétt frá hruni og er sú þróun mest áberandi hjá ungu fólki (16-24 ára), þar sem atvinnuþátttaka minnkaði úr 80% árið 2007 í 73% 2009 og hefur haldist svipuð síðan.



**Mynd 6a.** Þróun atvinnuþátttöku eftir aldri


Atvinnuþátttaka á fyrstu tveimur ársfjórðungum þessa árs er ívið lægri en á sömu tímabilum 2011 og 2010. Atvinnuþátttaka kvenna er heldur hærri á 2. ársfjórðungi en í fyrri, en að sama skapi var hún lægri á 1. ársfjórðungi, sem tengist því sem fram kemur hér að ofan um fjölgun starfandi kvenna. Að öðru leyti er ekki mikill munur á bakgrunnshópum. Ekki er gert ráð fyrir að mynstrið breytist mikið til ársloka og að á heildina litið verði atvinnuþátttakan á árinu 2012 ívið minni en á árinu 2011.



**Mynd 6b.** Þróun atvinnuþátttöku síðustu ár eftir ársfjórðungum


## Þróun atvinnuleysis á árinu 2012

Atvinnuleysi hefur farið hratt lækkandi síðustu misseri. Atvinnuleysið reis hæst í 8-8,1% árin 2009 og 2010 en fór niður í 7,4% árið 2011. Í ár stefnir atvinnuleysið í að verða nálægt 5,7% en nokkur óvissa er með þróun atvinnuleysis í framhaldinu, bæði vegna óvissu í efnahagsmálum sem og hvernig reglum um bótarétt verður háttað, en vikið er nánar að því síðar. Ljóst er þó að atvinnuleysi muni lækka og verður að öllum líkindum nálægt 4% á árunum 2013 og 2014.



**Mynd 7.** Meðalatvinnuleysi síðustu ár


Atvinnuleysi meðal karla hefur lækkað mun hraðar en kvenna síðustu misseri og er nú umtalsvert lægra en meðal kvenna, eða um 4,1% samanborið við 5,4% meðal kvenna. Atvinnuleysið hefur sveiflast meira eftir árstíðum meðal karla en verið mjög sýnilega á niðurleið á heildina litið allt frá því það fór hæst á vormánuðum 2009. Atvinnuleysið hefur sveiflast minna meðal kvenna og í raun ekki lækkað umtalsvert frá því 2009 fyrr en nú á allra síðustu mánuðum.



**Mynd 8.** Þróun atvinnuleysis eftir kyni og horfur til áramóta

Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi muni vaxa lítið eitt til áramóta í takt við hefðbundna árstíðasveiflu og verði nálægt 5,2% í desember. Reiknað er með að það vaxi heldur meira meðal karla en kvenna, í takt við það sem verið hefur síðustu ár. Þó er gert ráð fyrir að heldur fari að draga úr muninum á árstíðasveiflum milli kynja – að þær minnki meðal karla en aukist lítið eitt meðal kvenna.

Atvinnuleysi er nú orðið sáralítið víða á landsbyggðinni. Nú í júlí var það minnst 1,2% á Norðurlandi vestra, nálægt 2% á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Austurlandi og rétt rúm 3% á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Þá hefur atvinnuleysi minnkað mikið á Suðurnesjum þar sem það var yfir 10% í júlí 2011 en er nú 7,4%. Þar er þó enn mesta atvinnuleysið á landinu og er búist við að það fari yfir 9% síðustu mánuði ársins. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 5,4% í júlí sem einnig er umtalsverð lækkun frá sama tíma árið 2011, en fer trúlega í nálægt 5,8% í desember.



**Mynd 9.** Atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí 2012

Atvinnuleysi hefur farið minnkandi í öllum atvinnugreinum þegar horft er til síðustu 12 mánaða og er ekki ýkja mikill munur þar á. Sveiflurnar eru meiri í sumum atvinnugreinum eins og mannvirkjagerð



og flutningastarfsemi og atvinnulausum fjölgaði þar meira yfir vetrarmánuðina og hefur að sama skapi fækkað meira nú á sumarmánuðum. Mest er þó hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í mannvirkjagerð frá júlí 2011 til 2012. Atvinnuleysi hefur minnkað nokkuð jafnt í öðrum atvinnugreinum að opinbera geiranum undanskildum þar sem atvinnuleysi hefur lítið breyst milli ára.


## Áhrif stjórnvaldsákvarðana á atvinnuleysi

Ákvarðanir stjórnvalda um bótarétt og vinnumarkaðsaðgerðir hafa áhrif á atvinnuleysi og þá staðreynd að samhengi milli atvinnuleysis og útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs er ekki endilega eins frá einum tímapunkti til annars.

Í september 2011 tóku gildi lagaákvæði þar sem kveðið var á um að fólk sem tæki þátt í starfstengdum vinnumarkaðsaðgerðum gengi ekki á bótarétt sinn. Þar með hættu þeir sem fóru í starfsþjálfun, reynsluráðningu, frumkvöðlastarfsemi eða í sérstök átaksverkefni í fyrirtækjum eða hjá stofnunum og sveitarfélögum að reiknast með í atvinnuleysistölum, enda eru viðkomandi einstaklingar í vinnu þó svo viðkomandi atvinnurekendur fái greitt úr atvinnuleysistryggingasjóði sem nemur bótarétti viðkomandi eða sem nemur fullum bótarétti eftir atvikum. Að jafnaði voru um 350 einstaklingar í slíkum verkefnum í hverjum mánuði á árinu 2011, og reiknuðust þá með í atvinnuleysis-% fram í september.

Á seinustu mánuðum ársins 2011 voru aðeins rétt rúmlega 200 manns í slíkum verkefnum og hefði atvinnuleysi þá mælst 0,1 prósentustigi hærra hefðu þeir reiknast með í atvinnuleysistölum. Á fyrstu mánuðum ársins 2012 fjölgaði nokkuð þeim sem tóku þátt í starfstengdum vinnumarkaðsaðgerðum, eða samsvarandi 0,2 prósentustigum atvinnuleysis.

Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 2011 að ráðist skyldi í sérstakt starfsþjálfunaráttak á árinu 2012 þar sem áhersla var lögð á að koma langtímaatvinnulausum einstaklingum í starfstengd vinnumarkaðsúrræði í auknum mæli. Þetta leiddi til mikillar fjölgunar atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum frá marsmánuði, þegar átakið fór í fullan gang, og fram í júní, þegar Vinnumálastofnun hafði að mestu lokið ráðningum á grundvelli átaksins.



**Mynd 10.** Fjöldi einstaklinga í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum eftir mánuðum á árunum 2010 og 2011 og hvaða áhrif það hefði haft á atvinnuleysi hefðu þeir verið reiknaðir með í atvinnuleysistölum frá og með október 2011

Í júní og júlí voru því yfir 1.400 manns komnir í starfstengd vinnumarkaðsúrræði, sem svarar til um 0,8% atvinnuleysis, hefðu allir þeir sem ráðnir voru á grundvelli átaksins áfram verið á atvinnuleysissskrá.

Óvarlegt er þó að ætla að þeir sem ráðnir voru með þessum hætti í vinnumarkaðsúrræði hefðu allir verið á atvinnuleysissskrá hefði þetta átak ekki komið til. Svo virðist sem nokkuð hafi dregið úr ráðningum í almennri vinnumiðlun samhliða átakinu og atvinnurekendur að einhverju marki beint ráðningum sínum inn í þennan farveg sem annars hefðu leitað til almennrar vinnumiðlunar. Almennt er nokkur hreyfing inn og út af skrá óháð átaksverkefnum af þessu tagi og má gera ráð fyrir að nálægt fjórðungur þeirra sem fóru í þessi verkefni hefðu fengið vinnu eða farið af skrá af öðrum ástæðum, amk. tímabundið, hefði þetta verkefni ekki komið til.

Jákvæð áhrif verkefnisins eru þó augljós. Þeir einstaklingar sem um ræðir fá aukna reynslu á vinnumarkaði og komast úr óvirkni í virkni. Þá hefur það sýnt sig að starfstengd vinnumarkaðsúrræði skila miklum árangri í að koma fólki af atvinnuleysissskrá og í starf til frambúðar. Á árinu 2011 voru þannig um 70% þeirra sem tóku þátt í vinnumarkaðsúrræðum af þessu tagi ekki á skrá þremur mánuðum eftir að úrræðinu lauk. Bestur var árangurinn af nýsköpunarstarfsemi, þar sem yfir 80% voru afskráðir 3 mánuðum eftir að úrræði lauk, því næst af starfsþjálfun og reynsluráðningu (75%) og loks af átaksverkefnum (55%), en slík verkefni eru í eðli sínu tímabundin og standa skemur yfir og því ólíklegri til að skila framhaldsráðningu.

## Mat á þróun atvinnuleysis árið 2013

Nokkrir veigamiklir þættir hafa áhrif á það hvert verður atvinnuleysistigið á árinu 2013. Í fyrsta lagi er talsverð óvissa um þróun efnahagsmála. Óvissa er með framkvæmdir og fjárfestingar innanlands auk þess sem aflabrögð í sjávarútvegi sveiflast til milli ára. Ekki síður eru óvissuþættir í alþjóðahagkerfinu margir og koma til með að hafa áhrif á markaði fyrir íslenskar afurðir og erlendar fjárfestingar. Þessir þættir ráða eðlilega miklu um fjölgun starfa og geta haft áhrif á atvinnuleysisprósentu sem nemur um hálfu prósentustigi á ársgrundvelli.

Annað atriðið tengist þeim átaksverkefnum sem verið hafa í gangi af hálfu Vinnuálastofnunar, einkum átakið Vinnandi vegur og í hve miklum mæli fólk muni koma til baka á atvinnuleysissskrá að því loknu. Eins og rakið er hér að ofan er árangur af starfsþjálfunarverkefnum af þessu tagi almennt góður hvað varðar að fólk fari af atvinnuleysissskrá til frambúðar. Um þriðjungur þeirra sem fengu ráðningu í gegnum verkefnið Vinnandi vegur voru ráðnir til sveitarfélaga í störf sem í eðli sínu eru oftast tímabundin og þar með líkari átaksverkefnum sveitarfélaga fremur en starfsþjálfun. Út frá því má áætla að um 45% þeirra komi til baka á atvinnuleysissskrá að 12 mánaða ráðningartímabili loknu, eða um 200 manns í apríl til júní 2013. Hinn hópurinn sem fór í starfsþjálfun til fyrirtækja ílendist að öllum líkindum í meira mæli á vinnumarkaði og er ekki gert ráð fyrir að nema um 25% þess hóps komi aftur á skrá í kjölfar loka verkefnisins. Þar er því einnig um nálægt 200 manns að ræða sem ýmist er með 6 mánaða ráðningu eða 12 mánaða. Að hluta til mun sá hópur því koma inn á skrá á síðustu mánuðum ársins 2012 og að hluta til á vormánuðum 2013. Á heildina litið er þetta því ekki stór hópur né hefur hann mikil áhrif á atvinnuleysistölu, leiðir til minniháttar aukningar atvinnuleysis í lok árs og hægir lítið eitt á minnkun atvinnuleysis í apríl til júní 2013.

Þriðja atriði sem fer að hafa umtalsverð áhrif á atvinnuleysi á árinu 2013 er að stór hópur fólks mun klára bótarétt sinn eftir fjögurra ára bótatímabili lýkur, og falla af atvinnuleysissskrá af þeim sökum. Sú

lækkun atvinnuleysis sem þannig kemur til flokkast þó vart undir jákvæða lækkun atvinnuleysis, enda munu þeir einstaklingar sem um ræðir trúlega þurfa að leita eftir framfærslu sveitarfélaga í einhverjum mæli.

### Þriggja ára bótaréttur

Þeir einstaklingar sem komu á skrá **fyrir** 1. mars 2008 eiga aðeins rétt á að fá greiddar atvinnuleysistryggingar í þrjú ár samtals. Ekki er um fjölmennan hóp að ræða, enda var atvinnuleysi lítið fram til vors 2008. Á árinu 2012 hafa um 20 manns úr þessum hópi verið að klára þriggja ára bótarétt sinn í hverjum mánuði. Samtals eru þetta því um 200-250 manns sem hafa farið eða munu fara af skrá á árinu 2012, og svarar það til um 0,1 prósentustigi í atvinnuleysi.

Á árinu 2013 virðist sem fjöldi þeirra sem komu á skrá **fyrir** 1. mars 2008, sem eru að klára 3ja ára bótarétt verði svipaður, eða milli 200 og 250 manns samtals og áhrif til lækkunar atvinnuleysis því hverfandi, eða um 0,1 prósentustig á árinu 2013.

### Bráðabirgðaákvæði um fjögurra ára bótarétt

1. janúar 2011 tók gildi bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar sem framlengdi bótarétt þeirra sem komu á atvinnuleysisráð **eftir** 1. mars 2008 um eitt ár, og áttu þeir þar með rétt á greiðslu atvinnuleysistrygginga í fjögur ár. Ákvæðið var framlengt um síðustu áramót til eins árs en ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari framlengingu þess.

Mjög fáir hafa verið að klára bótarétt sinn á árinu 2012 vegna þess að fjögurra ára bótatímabili er lokið, eða frá 5-20 á mánuði frá því í mars og fram í ágúst. Þeim mun á hinn bóginn fara nokkuð hratt fjölgandi til áramóta og samtals munu um 350 manns klára 48 mánaða bótarétt sinn á árinu 2012.

### Bráðabirgðaákvæði framlengt


Verði bráðabirgðaákvæðið sem gefur atvinnuleitendum 48 mánaða bótarétt endurnýjað um áramótin þannig að það gildi með sama hætti á árinu 2013 og verið hefur, munu um 130-140 einstaklingar fullnýta bótarétt sinn um hver mánaðamót á árinu 2013 haldi þeir áfram á skrá samfelld þar til að því kemur, eða samtals um 1.600 á árinu 2013. Gera verður ráð fyrir að einhverjir úr þessum hópi verði farnir af skrá áður en til þess kemur að þeir missi bótarétt og talan verði á heildina lítið nær 1.350 sem fara af skrá vegna kláraðs bótáréttar á árinu 2013.

Áhrif þessa á atvinnuleysisprósenta eru lítil í upphafi árs, en aukast jafnt og þétt eftir því sem líður á árið. Að jafnaði mun þetta þýða lægra atvinnuleysi um sem nemur 0,6 prósentustigum á árinu 2013 og er því gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði um 4,4% á árinu 2013 ef bráðabirgðaákvæðið verður framlengt. Til samanburðar er reiknuð út staðan ef engin takmörk væru á því hve lengi fólk gæti verið á atvinnuleysisráð og mætti þá ganga út frá um 5% atvinnuleysi á árinu 2013 m.v. hóflega bjartsýna hagvaxtarspá með auknum umsvifum í atvinnulífi og á vinnumarkaði og þeirri þróun í búferlaflutningum og mannfjöldapróun og rakin hefur verið fyrir í þessu minnisblaði.


### Bráðabirgðaákvæði ekki framlengt

Verði bráðabirgðaákvæðið sem gefur atvinnuleitendum 48 mánaða bótarétt ekki endurnýjað um áramótin munu áður nefndir 1.600 atvinnuleitendur missa rétt sinn til atvinnuleysistrygginga strax um áramótin, að frádregnum þeim sem verða farnir af skrá af öðrum orsökum fyrir áramót, og er gert ráð fyrir að um 1.470 manns fylli hópinn þegar upp er staðið um áramót. Um hver mánaðamót á næsta ári eiga svo um 120-170 einstaklingar hættu á að fullnýta bótarétt sinn um hver mánaðamót, en við mat á áhrifum þess á atvinnuleysi verður að áætla hópinn eitthvað minni.

Þetta þýðir að ef bráðabirgðaákvæði um lengingu bótatímabils verður ekki framlengt, má gera ráð fyrir að ríflega 3.000 atvinnuleitendur fullnýti bótarétt sinn til ársloka 2013 og fari af skrá af þeim sökum. Þetta þýðir jafnframt að atvinnuleysi líkt og Vinnumálastofnun mælir það, mun dragast saman, vegna þess fjölda sem mun klára bótarétt sinn og verða nálægt 3,6%, í stað 4,4% verði bráðabirgðaákvæðið framlengt. Viðmiðunin væri atvinnuleysi nálægt 5% ef engin takmörk væru á veru fólks á bótum, sem er að sjálfsgöðu ekki raunveruleg staða, en er haft til viðmiðunar svo áhrif kláraðs bótaréttar á atvinnuleysi liggi fyrir.



**Mynd 11a.** Atvinnuleysi á árinu 2013 miðað við mismunandi forsendur og samanburður við síðustu ár



**Mynd 11b.** Þróun atvinnuleysis eftir mánuðum á árinu 2013 miðað við mismunandi forsendur

## Fjöldi sem klárar bótarétt sinn eftir sveitarfélögum

Í töflu 1 má sjá fjölda þeirra sem mun klára bótarétt sinn á árinu 2013 eftir sveitarfélögum, að því gefnu að allir haldi áfram á atvinnuleysisskrá þar til bótarétturinn klárast. Er þá miðað við að bráðabirgðaákvæði um fjögurra ára bótarétt verði framlengt um næstu áramót og inni í þessum tölum eru því bæði þeir sem munu klára 36 mánaða bótarétt (um 300), sem og þeir sem munu klára 48 mánaða bótarétt (um 1.600).

Stærstur hluti hópsins er búsettur í Reykjavík, eða um 48% hópsins, samtals yfir 900 manns. Í Kópavogi eru þeir 190, 184 í Reykjanesbæ og 178 í Hafnarfirði, eða um 10% hópsins í hverju þessara sveitarfélaga. Á Akureyri eru þeir 67, 56 í Árborg, 55 í Garðabæ, 45 í Mosfellsbæ en færri í öðrum sveitarfélögum.

Dreifing á mánuði er nokkuð jöfn, eða um 75 manns á mánuði í Reykjavík, um 15 í Kópavogi, Reykjanesbæ og í Hafnarfirði, og 4-6 manns á mánuði á Akureyri, Árborg, Garðabæ og í Mosfellsbæ.

**Tafla 1.** Fjöldi sem klárar bótarétt sinn á árinu 2013 að

Sveitarfélag	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	916	48%
Kópavogur	190	10%
Reykjanesbær	184	10%
Hafnarfjörður	178	9%
Akureyri	67	3%
Sveitarfélagið Árborg	56	3%
Garðabær	55	3%
Mosfellsbær	45	2%
Akranes	21	1%
Seltjarnarnes	20	1%
Sandgerði	20	1%
Sveitarfélagið Álftanes	18	1%
Sveitarfélagið Vogar	15	1%
Hveragerði	14	1%
Grindavíkurbær	13	1%
Fjarðarbyggð	13	1%
Sveitarfélagið Garður	11	1%
Önnur sveitarfélög (< 10)	86	4%
<b>Samtals</b>	<b>1.922</b>	<b>100%</b>


## Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs

### Greiðslur atvinnuleysisbóta til einstaklinga

Út frá ofangreindum forsendum verður hér reiknað út atvinnuleysi miðað við forsendur B (bráðabirgðaákvæði framlengt) og C (bráðabirgðaákvæði ekki framlengt).

Miðað við að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt og að meðalatvinnuleysi ársins 2013 verði 4,4%, munu útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna greiðslu atvinnuleysistrygginga nema um 13.800.000 þús. á árinu 2013 og þar með lækka um nálægt 4 milljörðum frá árinu 2012.

Verði bráðabirgðaákvæðið ekki framlengt, og meðalatvinnuleysi ársins 2013 verði því nálægt 3,6%, munu útgjöldin nema nálægt 11.400.000 þús. á árinu 2013. Lækkunin frá árinu 2012 verður því ríflega 6 milljarðar.



**Mynd 12.** Útgjöld vegna atvinnuleysistrygginga á árinu 2013 miðað við mismunandi forsendur og samanburður við síðustu ár (milljónir króna)

Til samanburðar er tekið með að útgjöld yrðu nálægt 15.700.000 þús. ef allir gætu haldið áfram á skrá, þ.e. ef engin takmörk væri á bótarétti einstaklinga og enginn félli af skrá vegna kláraðs bótaréttar.

### Starfsþjálfunarúrræði

Útgjöld vegna starfsþjálfunarúrræða, þ.e. úrræða þar sem atvinnurekendur fá greitt sem svarar atvinnuleysisbótarétti þess einstaklings sem þeir ráða af atvinnuleysisskrá, stefna í að verða um 1.650 milljónir á árinu 2012 m.v. útreikning Vinnumálastofnunar. Er það mikil hækkun frá árunum 2010 og 2011 þegar útgjöld vegna slíkra úrræða voru tæpar 600 milljónir hvort ár. Ástæða þessarar aukningar er að ráðist var í sérstakt átak til að koma fólki af atvinnuleysisskrá, einkum langtímaatvinnulausum, í starfsþjálfunarúrræði hjá fyrirtækjum. Um er að ræða átakið Vinnandi vegur, en í gegnum það úrræði miðlaði Vinnumálastofnun um 1.400 einstaklingum (um 15% á vegum einkarekinna vinnumiðlana) af atvinnuleysisskrá í starfsþjálfunarpláss hjá fyrirtækjum og stofnunum, meirihlutinn í 12 mánuði.

Þar sem um 2/3 hlutar þessa hóps gerðu 12 mánaða samning má gera ráð fyrir að útgjöld vegna átaksins verði ríflega 500 milljónir á árinu 2013. Þá má gera ráð fyrir að starfsþjálfunarsamningar við allnokkra úr hópi þeirra, sem gerður var 6 mánaða samningur við, verði framlengdur um aðra 6 mánuði, auk þess sem gerðir verði nýir samningar í takt við það sem var á árunum 2010 og 2011, og að útgjöld vegna þessa verði um 410 milljónir. Heildarútgjöld vegna starfsþjálfunarúrræða verða því um 915 milljónir á árinu 2013 að mati Vinnumálastofnunar.

## Útgjöld vegna annarra úrræða

Gert er ráð fyrir að útgjöld til námskeiðahalds og annarra úrræða annarra en starfsþjálfunarúrræða verði um 556 milljónir á árinu 2012. Gera má ráð fyrir að nokkuð dragi úr kostnaði við hefðbundin úrræði samfara minnkandi atvinnuleysi og fækkun á skrá. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að aukinn kraftur verði settur í úrræði fyrir útlendinga á næstu misserum enda atvinnuleysi hlutfallslega mun meira meðal þeirra en íslenskra ríkisborgara. Þá verður áfram þörf fyrir margvísleg úrræði fyrir þann stóra hóp sem verið hefur hvað lengst á skrá.

Vinumálastofnun telur því að útgjöld til námskeiða og annarra úrræða en starfsþjálfunarúrræða á árinu 2013 verði svipuð og á síðustu 2 árum eða milli 500 og 600 milljónir.

## Önnur útgjöld

Hér verður ekki reynt að leggja mat á önnur útgjöld sjóðsins á árinu 2013. Þeir liðir sem hér hafa verið reifaðir námu um 90% af útgjöldum sjóðsins á árinu 2012 og því stærstu útgjaldaliðirnir. Þetta eru jafnframt þeir þættir sem taka hvað mestum breytingum frá ári til árs og ofangreind greining er tilraun til að meta hver er líklegasta niðurstaðan fyrir árið 2013. Aðrir liðir eru líklegri til að verða með svipuðu sniði milli ára, eða þá að um er að ræða sérverkefni sem er á valdi stjórnvalda að ákveða hvort verði fram haldið eða ekki, og þá hvort útgjöld til þeirra verði með sama sniði.